


GESTIR

Um danskan gestaleik í Borgarleikhúsi



um sínum í Ástarbréfum.

og má glögg sjá þess merki í Ástarbréfum um hversu kunnugur hann er þeim lífs sviðhorfum er einkenna þá stétt fólks þar í landi.

Einhverjum þykir kannski undarlegt að þessar línur birtist nær tveimur vikum eftir að dönsku gestirnir hurfu af landi brott en tvennt kemur til; annars vegar undarlega lítil umfjöllun í fjölmiðlum fyrir og eftir þennan listviðburð og hins vegar sterk persónuleg upplifun undirritaðs á sýningu þessara tveggja úrvalslistamanna frá Danmörku. Hvar var nú hinn margrómaði frændskapur og samgangur milli grannþjóðanna þegar fjölmiðlar áttuðu sig tæpast á því að einir þekktustu og ástsælustu leikhúslistamenn Dana voru staddir hér á landi og buðu okkur hlutdeild í list sinni? Bodil Kjer hefur um langan aldur verið ein mesta leikkona Dana, allt frá því hún hóf feril sinn við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn árið 1937. Ebbe Rode hóf störf hjá Dagmar-leikhúsinu í Kaupmannahöfn 1931 og hefur síðan leikið við öll helstu leikhús í Danmörku. Hann hefur einkum getið sér gott orð fyrir framúrskarandi túlkunir á hlutverkum í leikritum Ludvigs Holbergs og Molières. Bæði eru þau margverðlaunuð fyrir framlag sitt til danskrar leiklistar undanfarna áratugi.

Þau Rode og Kjer hafa leikið Ástarbréf frá því í mars 1989 og hlutu á sínum tíma einróma lof fyrir meistaraleg tök á hlutverkum sínum. „Það er hægt að koma frá sér orðunum á ýmsan hátt, en þegar þau eru mótuð og gefinn hljómur af Bodil Kjer og Ebbe Rode — þá flytja þau fjöll,“ sagði gagnrýnandi danska blaðsins BT á sínum tíma. Undir þetta geta þeir íslensku áhorfendur er nutu sýningarinnar í Borgarleikhúsinu vafalaust tekið einum rómi. Hafi aðstandendur og flytjendur þessa einstaka gestaleiks þökk fyrir.

Hávar Sigurjónsson



Svavar Guðnason

Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

„Sjónræn kveðja lífsins“

Viðtal: Fjölmið Geir Bragason

„Það er í raun ekki nóg að hafa komist svo hátt, að maður hafi séð yfir allan heiminn. Maður á að sjá það sem maður vill sjá, — og það sem maður ætlar að sjá. Hafið þér mannlegt eðli, djúpt og mennskt, sálarinnar dýptir og fjarlægðir, flug ímyndunarafslins, þá skiljið þér mig. — Hugsanir og breytni hins lifandi manns gagnvart yfirborði jarðarinnar er sjónræn kveðja lífsins til þeirra, er jörðina erfa.“

Svo mæltist málaranum Svavari Guðnasoni í ljóði sínu „Hið nálæga og hið fjarlæga“ sem birtist í listatímaritinu *Helhesten* 1942. Þarna gefur að líta, í hnitmiðuðum orðum, hugmyndir og hugsjón óhlutlægu stefnunnar, sem hafði verið að ryðja sér rúms í listheiminum, og átti eftir að sækja í sig veðrið svo um munaði. *Helhesten* var málagn stefnu þessarar og fylgismanna hennar í Danmörku, en Svavar sat um tíma í ritstjórn blaðsins. Svavar var þá virkur á málefnavettvanginum, líkt og hann var á öðrum vettvangi málalistarinnar. Þar var hann þátttakandi í stefnumótun og útbreiðslu umræddrar stefnu, er hann á listferli sínum aðhylltist. Svavar var í tengslum við *Cobra*-hópinn (*Copenhagen-BRuxelles-Amsterdam*), sem lagði áherslu á sjálfsprottna, óhlutlæga tjáningu og vildi rækta tengsl við norðurevrópska alþýðulist, frumstæða list og listsköpun barna. Um miðjan síðasta mánuð var opnuð í Kastrupgarði við Kaupmannahöfn sýning á verkum Svavars Guðnasonar, samhlíða yfirlitssýningu Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara. Sýning þessi mun svo verða flutt til Silkeborgar þar sem hún verður sett upp í listasafni borgarinnar. Sýningin spannar tímabilið 1930-1980. Á henni eru jafnt oluverk sem vatnslitamyndir, teikningar, og svokölluð pappírverk; sem voru snar þáttur í tilraunum Svavars. Til að grennslast nánar um sýninguna og aðdraganda hennar, fór ég sem leið lá að heimili Svavars, þar sem ekkja listamannsins; Ásta Eiríksdóttir beið komu minnar. Hún tók alúðlega á móti mér og bauð mér inn í stofu. — Það var eins og að ganga inn í afmarkaðan kafla listasögunnar að koma inn á heimili þeirra hjóna. Ekki bara vegna fjölda listaverka Svavars, sem hénugu á veggjunum. Heimili allflestira myndlistamanna eru yfirleitt að hluta skreytt verkum þeirra sjálfra. Heldur fannst mér ég stíga aftur í tímann, þegar frá Ásta dró fram og sýndi mér fyrstu ritröð *Cobra*-bókasafnsins: *Frie kunstnere*, flest ef ekki öll hefti af *Helhesten*, og fleira. Þarna gafst mér einstakt tækifæri til að sjá hvaða mál voru helst í brennipunkti á þessum tíma hjá þessum mönnum. Ekki spillti að sitja þarna í sófanum, umkringdur verkum Svavars. Eftir að hafa flett í gegn

um ritin, vafraði ég um vinnustofu Svavars og virti fyrir mér aðstæður, settist svo aftur og Ásta hóf að segja mér frá sýningunni:

„Það eru nokkur ár síðan farið var að huga að sýningu á verkum Svavars í Danmörku. Listasafn Íslands setti hérlandis upp viðamikla yfirlitssýningu á verkum hans á seinasta ári. Vinur okkar og besti ráðgjafi Svavars, Robert Dahlman Olsen, sem var á sínum tíma ritstjóri *Helhesten*, reyndi að fá þá sýningu settu upp í NIKOLAJ-listhúsinu í

Kaupmannahöfn. NIKOLAJ-listhúsið er gömul kirkja, þar sem kirkjuhald hefur verið lagt niður, og hefur byggingin verið notuð til sýningarhalds síðan. Það varð því miður ekkert úr þessari sýningu. Robert sárnaði það. Hann er arkitekt að atvinnu og hefur verið mjög drifandi á vettvangi lista. Robert hefur í gegnum tíðina keypt verk eftir hina ýmsu listamenn, á orðið umtalssvert listaverkasafn. Í því safni má finna eitthvað í kringum 70-80 verk eftir Svavar. Þar eru ýmist teikningar, vatnslitamyndir, olíumálverk og pappírverk, eins og hann kaus að kalla tilraunir Svavars. Eftir vonbrigðin við að fá ekki þessa stóru sýningu Listasafns Íslands setta upp ytra, snéri Robert sér til Kastrupgarðssafnsins, sem tók vel í að sýna þessi verk hans eftir Svavar, ásamt verkum sem Kastrupgarður hafði keypt af Svavari á árum áður. Á sýningunni eru líka nokkur verk úr mínum fótum. Mörg verkanna á sýningunni voru sett upp í NIKOLAJ-sýningarsalnum 1984, á sýningunni; „Íslandsk Farvespil“. Það var samsýning á verkum Svavars Guðnasonar og Ásgerðar Búadóttur textillistakonu. Kastrupgarðurinn er gamall herragarður og mjög virðuleg menningarstofnun. Sýningin var svo opnuð um miðjan apríl síðastliðinn ásamt sýningu á verkum Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara. Opnunin var mjög hátíðleg og skemmtilegt að sjá pappírverkin hans Svavars smekklega innrömmuð og komin upp á vegg. Þarna var vel vandað til alls er sýningunni viðkom. Eins fannst mér sýning Sigurjóns mjög skemmtileg.“

Leiðir þeirra hafa eflaust legið saman áður?

„Sigurjón og Svavar bjuggu álfka lengi í Kaupmannahöfn. Þó held ég að þeir hafi aðeins leitt hesta sína þrisvar saman á sýningum. Fyrst á *Haustsýningunni* 1936. Á þeirri sýningu sýndi Svavar mér „*Fótboltamenn*“ Sigurjóns, hann var sjálfur mjög hrifinn af Sigurjóni. Önnur var *Skandinaverne* 1938. Svo var það á hinna frægu *Bellevue*-sýningu þar sem 13 listamenn sýndu saman í tjaldi í Klampenborg, nálægt Kaupmannahöfn, árið 1941. Sýningin sú var í tengslum við útgáfu annars heftis tímaritsins *Helhesten*.

Hún fór fram í gríðarlega stóru tjaldi sem tekið hafði verið á leigu. Gengið var inn í tjaldið yfir brú sem smíðuð hafði verið af þessu tilefni, sem inngangur

í tjaldið. Myndirnar voru hengdar á viðarþil sem smíðuð voru inn í tjaldinu en myndir Sigurjóns stóðu á tjaldgólfinu, sem var ber skógarbotninn ef ég man rétt.

Sýningin fer svo áfram til Silkeborgar

„Jú. Uppsetningin í Kastrupgarði verður tekin niður 9. júní. Hún verður svo sett upp í Listasafni Silkeborgar. Sýningin þar verður opnuð 21. júní og stendur til 18. ágúst. Troels Andersen er forstjóri Listasafnsins í Silkeborg. Fyrir tveimur árum kom hann hingað til Íslands á ráðstefnu, og var þá þegar með hugmyndir um sýningu á verkum Svavars í Silkeborg.“

Eitthvað að lokum?

„Ferð mín út, til að vera viðstödd opnunina, er búin að vera mjög ánægjuleg. Bæði er það viðurkenning fyrir Svavar og Listasafn Íslands að jafn mikill áhugi skuli hafa vaknað á að flytja stóru sýninguna út og raun ber vitni. Enn frekari viðurkenning er það á verkum Svavars, að þrátt fyrir að ekki yrði af flutningi þessarar viðamiklu sýningar til Danmerkur, þá skyldu Robert Dahlman Olsen, Troels Andersen og aðrir viðkomandi aðilar bregðast á þennan hátt við. Það er; að setja aðra viðamikla sýningu upp. Ekki endilega í stað sýningarinnar í Listasafni Íslands, heldur til að fylgja hugmyndum sínum um sýningu á verkum Svavars á eftir og vera lifandi í viðleitni sinni. Svavar sagði sjálfur: „Listin sprettur af lífinu sjálfu en ekki fagurfræðinni.“

... eftir Ulrike Arnold



Ruby Gorge, Mið-Ástralíu, 1987. Jörð á striga, 137x215 sm.

fjölbreytilegum byggingarstíl manna í heiminum. Þegar maður vinnur með litarefni í jarðvegi, kemst maður fljótlega að því að þar er alla litatóna að finna: Rautt og blátt, grænt, turkis, kolsvart og mjallhvítt. „Litaspjald“ mitt er samsafn af pokum með jarðvegi, allsstaðar að úr heiminum.

Ferðalög eru nauðsynlegur og óaðskiljanlegur hluti verkanna. Þekkingu á sérstökum einkennum jarðefnanna öðlast ég á staðnum þar sem þau er að finna og ég ferðast um: Ég geng um jörðina og hún heldur mér uppi um leið. Ég reyni að upplifa landslag-

ið með öllum skilningarvitunum, til að ná sem bestum tökum á snertigildinu og andlegum eigindum þess um leið.

Ég tek sýni úr jarðveginum og tek með mér heim í bakpokanum til að geta málað með þeim. Þegar ég mála dreifi ég efnum með höndunum, nota tækni sem framkallast af hreyfingum líkamans. Þessi hreyfing er vakin af minningum um ferð um landslag og tilfinningarnar sem kviknuðu þá. Myndir mínar eru nokkurskonar blanda ljóðrænna efna og vissra upplifana í landslagi.“